Fundargerð 486. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2026, föstudaginn 2. október kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Jóna Árný Þórðardóttir, Friðbjörg Matthíasdóttir, Björn Arnaldsson, Alexandra Jóhannesdóttir og Elliði Vignisson.

Að auki sátu fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð og Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2024-2026 - 2509016HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 485. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 7. september 2026 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. **Hafnasambandsþing 2026 - 2510001HA**

   Lögð fram drög að dagskrá Hafnasambandsþing.

   Formanni og starfsmanni falið að ganga frá dagskrá í samræmi við umræður á fundi.

3. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - Gjaldaákvæði hafnalaga - óskað umsagnar - 2605001HA**

   Til umræðu var vinna innviðaráðuneytis við breytingu á gjaldskrárákvæði hafnalaga.

   Starfsfólki falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundi.

4. **Frumvarp til laga um leiðarmerki og öryggi siglinga, 99. mál - óskað umsagnar - 2609002HA**

   Lögð fram drög að umsögn.

   Drög að umsögn samþykkt og starfsmanni falið að senda inn umsögnina.

5. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla - óskað umsagnar - 2609001HA**

   Lögð fram drög að umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

   Drög að umsögn samþykkt og starfsmanni falið að senda inn umsögnina.

6. **Önnur mál - 2509022HA**

Til umræðu var mikilvægi þess að hafnir geti fengið aðgang að fjárstuðning til að fara í orkuskipti hafna.

Fundi var slitið kl. 12:30